

Alþingi
Erindi nr. P 132/1874
komudagur 26.4.2006

Réttarfarsnefnd

Reykjavík, 25. apríl 2006.

Allsherjarnefnd Alþingis,
Alþingi,
150 Reykjavík.

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis 24. apríl sl. var réttarfarsnefnd sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, og lögum um meðferð einkamál, nr. 91/1991, 670. mál. Frestur til að skila umsögn var veittur til 28. sama mánaðar. Með hliðsjón af þeim mjög svo knappa fresti hefur réttarfarsnefnd eingöngu tök á að koma á framfæri í grófum dráttum helstu athugasemdum við frumvarpið.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 11. gr. laga um dómstóla þess efnis að ekki skuli gefa út dóm Hæstaréttar fyrr en liðinn er sólahringur frá uppkvaðningu hans. Þá er lagt til að dómur vegna þvingunaraðgerða lögreglu á grundvelli laga um meðferð opinberra mála verði ekki gefinn út fyrr en að liðnum mánuði frá uppkvaðningu hans.


Réttarfarsnefnd telur að ákvæði dómstólalaga um útgáfu á dómum Hæstaréttar séu fullnægjandi og því séu ekki efni til að lögfesta sérstakar reglur um hvenær dómar réttarins verði öllum aðgengilegir. Í þessu sambandi bendir nefndin á að nýlega hófst útgáfa á dómum og úrskurðum héraðsdómstóla á netinu á vegum Dómstólaráðs. Í frumvarpinu er þó ekki gert ráð fyrir neinum viðlíka hömlum á aðgangi að dómsúrlausnum á því dómstigi. Einnig bendir nefndin á að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að takmarkaður verði aðgangur annarra en aðila og lögmanna að endurritum dóma og því má gera ráð fyrir að fjölmiðlar og aðrir sem vilja kynna sér dómsniðurstöður snúi sér til skrifstofu réttarins til að afla dómsendurrits með tilheyrandi álagi fyrir réttinn. Loks má benda á að umrædd takmörkun á aðgangi að dómum er bagaleg fyrir þá málsaðila og lögmenn þeirra sem eiga um langan veg að fara og geta ekki komið því við að vera staddir við uppkvaðningu dóms.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði nýrri málsgrein við 16. gr. laga um dómstóla þar sem kveðið verði á um heimild dómara til að leita álits nefndar um dómarastörf um ákvörðun dómstjóra samkvæmt þeirri grein laganna. Eins og ráða má af athugasemdum við þetta ákvæði frumvarpsins hlýtur að vera átt við að mál af þessu tagi verði lagt fyrir dómstólaráð en ekki nefnd um dómarastörf. Má einnig ráða þetta af samanburði við 18. gr. laganna en þar er gert ráð fyrir að dómstólaráð skeri úr um ágreining varðandi úthlutun mála.

Loks telur réttarfarsnefnd ástæðu til að gera athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins þar sem lagðar eru til breytingar á 17. gr. dómstólalaga um löglærða aðstoðarmenn. Í umræddu ákvæði er lagt til að aðstoðarmaður verði ráðinn til sex ára og að heimilt sé að endurráða hann einu sinni við sama dómstól. Ef á annað borð er ástæða til að binda ráðningu aðstoðarmanns tímatakmörkum er með öllu óhæfilegt að slík ráðning geti staðið í 12 ár. Þyki fært að ráðning

geti varað það lengi verður ekki séð að efni séu til að binda hana nokkrum tímatakörkum. Þá er lagt til að í 2. mgr. 17. gr. dómstólalaga verði nákvæmlega talin þau störf sem aðstoðarmenn geti sinnt. Með þeirri leið er hætt við að viðfangsefni sem eðlilegt getur talist að aðstoðarmenn færu með falli ekki undir þau verk sem þeim væri heimilt að annast, til dæmi framkvæmd sjóprófa. Af þessum sökum telur réttarfarsnefnd heppilegra að skilgreina þau mál sem aðstoðarmenn geti ekki farið með en þess má geta að sú leið var farin þegar verkefni dómarafulltrúa voru afmörkuð með lögum nr. 80/1995. Í samræmi við þetta leggur nefndin til að 2. mgr. 17. gr. laganna hljóði svo: *Dómstjóri getur falið aðstoðarmanni að annast hvers konar dómsathafnir en þó ekki að fara með og leysa að efni til úr einkamálum, þar með töldum ágreiningsmálum um fullnustugerðir eða þinglýsingar, þar sem vörnum er haldið uppi eða opinberum málum frá því þau koma til aðalmeðferðar.*

Virðingarfyllst,
fyrir hönd réttarfarsnefndar



Benedikt Bogason, ritari